



DIMMA

Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Dimma

2024-2025

Sunna Rut Garðarsdóttir

sunna.g@kopavogur.is

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Dimmu.....	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2023 – 2024.....	3
Starfið í vetur	4
Opið starf	4
Áherslur í vetur	5
Valáfangar og samstarf við skóla	5
Miðstigsstarf	5
Viðburðir í vetur.....	5
Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar	5
Sameiginlegir viðburðir	5
Viðburðir í samvinnu við skólann	6
Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés	6
Hópastarf.....	6
Klúbbastarf	6
Sértækt hópastarf	7
Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum. ...	Error! Bookmark not defined.
Félkó miðstöðin	Error! Bookmark not defined.
Sumaropnun félagsmiðstöðva	7
Unglingaráð.....	7
Nemendaráð.....	8
Félkóraráð	8
Ungmennaráð Kópavogs	9
Ungmennaráð Samfés.....	9
Samstarf við foreldra	9
Verkferlar.....	10
Innra mat.....	11
Símenntun	13
Símenntuntunaráætlun 2023-2024.....	14
Fjöldatölur.....	15
Starfsmenn Dimmu	15

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5.-10.bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana sem er á neðri hæð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 5.-7. bekk eru 158 nemendur og í 8.-10. bekk eru 201 nemendur, samtals 359 nemendur í 5.-10.bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Víkingur Angantýsson. Síminn í Dimmu er 696-1630 og netföng stjórnenda eru sunna.g@kopavogur.is og vikingur.a@kopavogur.is

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadagatal 2024 – 2025

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Félagsmiðstöðvadagatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 D	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 D	1 F	1 S
2 F	2 M	2 M	2 F	2 S	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 F	3 F	3 S	3 D	3 L	3 M	3 M	3 F	3 L	3 D
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 D	4 D	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 S	5 D	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 D	6 M	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 S	6 S	6 D	6 F
7 M	7 L	7 F	7 F	7 S	7 D	7 L	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 D	8 M	8 S	8 M	8 L	8 L	8 D	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 S	9 S	9 M	9 M	9 S	9 M
10 L	10 D	10 F	10 S	10 D	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 D
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 D	11 D	11 F	11 S	11 M
12 M	12 F	12 S	12 D	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 D	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 D	13 F
14 M	14 L	14 M	14 S	14 L	14 D	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 D	15 M	15 S	15 M	15 L	15 L	15 M	15 F	15 S
16 F	16 M	16 F	16 S	16 D	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 D	17 F	17 S	17 D	17 M	17 M	17 M	17 F	17 S	17 D
18 S	18 M	18 F	18 M	18 S	18 L	18 D	18 D	18 F	18 M	18 M
19 M	19 F	19 S	19 D	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 D	20 F	20 S	20 M	20 D	20 M	20 F	20 F	20 M	20 F	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 F	21 M	21 S	21 L
22 F	22 S	22 D	22 M	22 S	22 M	22 L	22 L	22 D	22 F	22 S
23 F	23 M	23 F	23 S	23 L	23 D	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 D	24 F	24 M	24 S	24 M	24 L	24 L	24 M	24 F	24 D
25 S	25 M	25 F	25 S	25 D	25 M	25 F	25 F	25 M	25 S	25 M
26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 D	27 F	27 S	27 M	27 F	27 S	27 F	27 F	27 S	27 D	27 F
28 L	28 M	28 F	28 S	28 L	28 D	28 M	28 M	28 F	28 M	28 L
29 F	29 S	29 D	29 M	29 S	29 M	29 L	29 L	29 M	29 F	29 S
30 F	30 M	30 F	30 S	30 D	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 S	31 D	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 L	31 S	31 M

Föstudagsopnir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar.
Blár - Félíko viðburðir. Appelsínugulur - Samfés viðburðir.ökkgrænn - vetrarfrí. Fjölublár - föstudagsopnir. Ljósgrænn - frídagar í skólum. Rauður - fundir.

Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna funda saman hverja viku, annars vegar í óformlegt spjall um þá hluti sem þarf að ræða sem kallast litli forstöðumannafundur og hinsvegar á fund með deildastjóra. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál, rætt um ýmis mál og lagt fram hugmyndir fyrir starfið. Einnig er sameiginlegt unglingaráð sem heitir Félkóraráð, og eru þar nemendur sem sitja í því ráði í 8. – 10. bekk og koma þau að skipulagi á sameiginlegum viðburðum hjá félagsmiðstöðvunum.

Starfið í vetur

Ópið starf

Dagskrá Dimmu á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi við nemendaráðið. Dagskrá er gerð fyrir hvern mánuð og er hún auglýst á instagram, facebook, birtist í ipöðum krakkana, send út í pósti í gegnum mentor og hengd upp á nokkrum stöðum í skólanum

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir september mánuð.

DAGSKRÁ DIMMU					SEPTEMBER 2024
MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	
2 17:00-18:30 <i>Mæker og Marvel</i> 19:30-22:00 8. bekkjarkvöld	5 09:30-16:00 OPIÐ	4 17:15-18:15 <i>Miðstígsopnun</i> 19:30-22:00 Píluþót	5 09:30-16:00 OPIÐ	6 Lokað	
9 17:00-18:30 <i>Perluhlúðbur</i> 19:30-22:00 Hljateldátur	10 09:30-16:00 OPIÐ	11 17:15-18:15 <i>7. bekkjarefning</i> 19:30-22:00 Íslendemeletaramót í einni krónu	12 09:30-16:00 OPIÐ	13 12:00-18:00 OPIÐ 20:00-22:45 Bordtennismót og skotbolti	
16 17:00-18:30 <i>Núðlar og nýðlar</i> 19:30-22:00 Staff vs unglingar	17 09:30-16:00 OPIÐ	18 17:15-18:15 <i>Miðstígsopnun</i> 19:30-22:00 ÍTK ekráningur og þrúfur *Nánari upplýsingar síðar	19 09:30-16:00 OPIÐ	20 Lokað	
23 17:00-18:30 ÍTK þöndur 19:30-22:00 ÍTK undirbúningur	24 09:30-16:00 OPIÐ	25 ÍTK LEIKAR *Nánari upplýsingar síðar	26 09:30-16:00 OPIÐ	27 12:00-15:00 OPIÐ 20:00-22:45 ÍTK BALLI	
30 17:00-18:30 Húndaganga 19:30-22:00 Spilakvöld	 @dimmafélagsmidstod				

Áherslur í vetur

Áherslur í vetur er að rýna vel niðurstöður skoðanakannana og fylgja þeim ábendingum sem við fengum þar. Áframhaldandi áhersla er einnig á hatusorðræðu og áhættuhegðun ungmenna.

Valáfangar og samstarf við skóla

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður sjá um Dimmuval sem jafnframt er nemendaráðið okkar. Það er gert í góðu samstarfi með skólanum (sjá nánar um félagsmálavalið í liðnum um nemendaráð).

Forstöðumaður Dimmu situr fundi með deildastjóra unglingastigs annan hvern fimmtudag til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála.

Miðstígsstarf

Í miðstígsstarfi eru öll í 5-7.bekk velkomin. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d pílukeppni, karaoke, minute to win it, útileikir, Tie Dye bolamálun og ýmislegt fleira. Miðstígsopnanir eru á miðvikudögum frá 17:15-18:15. Skipulag opnanna er með því móti að

tvisvar í mánuði er opið fyrir allt miðstig og einu sinni til tvisvar í mánuði er opið bara fyrir 7. bekk.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Stærsti fasti viðburðurinn er Árshátíð Dimmu og Vatnsendaskóla. Hún er haldin á tímabilinu febrúar og fram í apríl. Í fyrra var haldið fyrsta jólaball Vatnsendaskóla síðan eftir Covid. Ástæðan fyrir að það var ekki fyrr var vegna þess að forstöðumaður setti skilyrði á að þessi viðburður yrði í samstarfi við skólann á þann hátt að það væri skyldumæting fyrri hluta kvöldsins, það var reynt í tvö ár en náðist ekki samkomulag fyrr en í fyrra. Umræður um jólaball 2024 eru ekki hafnar en vonin er fyrirkomulagið í ár verði sambærilegt og í fyrra.

Sameiginlegir viðburðir

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmiskonar viðburðum. ÍTK vikan, spurningakeppnin Getkó, sköpunardagurinn, forvarnavikan, söngkeppni auk balla eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Mikill tilhlökkun og stemning er yfirleitt fyrir þessum viðburðum.

Viðburðir í samvinnu við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans. Árshátíð og jólaball hefur verið samstarfsverkefni á milli skóla og félagsmiðstöðva. Félagsmiðstöðin hefur líka sett áherslu á samvinnu við foreldra og hefur verið með kynningu á starfinu á súpufundum fyrir foreldra í 8. og 5. bekk ásamt að sitja fundi hjá bekkjarfulltrúum og vera í samstarfi með þeim í viðburðum og fjáröflunum.

Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés

Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar allstaðar á landinu. Landsmót samfés er viðburður yfir helgina 4.-6. október þar sem 5 unglingar frá hverri félagsmiðstöð hittast í skipulagðri dagskrá. Þessa helgi verður einnig kosið í Ungmennaráð samfés og í lok helgarinnar er Landsþing ungmenna sem er stýrt af ungmennaráðinu. Aðrir viðburðir eru til að mynda Rímnaflæði; rappkeppni á meðal unglinga. Danskeppni, Stíll sem er hönnunarkeppni og er haldin í samstarfi við Félkó. Lan; viðburður þar sem keppt er í tölvuleikjum, einnig haldið í samstarfi við Félkó, Söngkeppni Samfés og Samfestingurinn sem er sameiginlegt ball fyrir allar félagsmiðstöðvar á landinu.

Hópastarf

Klúbbastarf

Klúbbastarf eru klúbbar sem eru sniðnir í kringum sérstök áhugmál. Klúbbastarf er yfirleitt sett á tíma sem minni mæting er til að hægt sé að fá sem mest út úr tímanum og átt dýrmæta stund með þeim sem mæta. Eitthvað klúbbastarf er nú þegar hafið og eitthvað sem á eftir að setja á stofn í vetur

Tiktok matarklúbbur: Þessi klúbbur hefur verið vinsæll. Við nýtum okkur vinsælar uppskriftir á tiktok og gerum eins. Heimilsfræðistofa skólans er nýtt í þennan klúbb

Núðlur og nöldur: Þessi klúbbur hefur verið vinsæll lengi, fáum okkur núðlur og ræðum daginn og veginn. Í þessum klúbb má pústa og kvarta yfir öllu sem angrar okkur. Hugmynd að efla klúbbinn enn meir og gera hinar ýmsu núðlu uppskriftir.

Föndurklúbbur: Þessi klúbbur er mjög opin og hægt að gera allskonar, kertagerð, leir, málning eða hvað sem okkur dettur í hug. Upplagt væri að nýta Félkó miðstöðina inn á milli þar sem aðstaðan þar er frábær fyrir ýmislegt föndurtengt.

Matar/bökunarklúbbur: Starfsmenn hitta þá nemendur í heimilisfræðistofu í Vatnsendaskóla og verður eldað/bakað saman og svo í lokin borðað það sem var búið til.

Premium League klúbbur: Fyrir fótboltaáhugafólk. Leikur og keppnir í gegnum app. Auðvelt fyrir alla sem vilja að vera með.

Sértækt hópastarf

Félkó heldur utan um sameiginlegt sértækt hópastarf í Félkó miðstöðinni. **D&D** er hópur sem varð til vegna áhuga ungmenna á hlutverkaspilinu Dungeons & Dragons. Þetta er spil sem að stór menning er í kringum. Krakkarnir koma saman undir handleiðslu starfsmanna sem þekkja til og spila saman í tvo og hálfan klukkutíma alla þriðjudaga frá október og fram í mars.

Hinsegin félagsmiðstöð er sértæk félagsmiðstöð sem býður öll velkomin sem hafa áhuga. Í þessum hópi gefst krökkunum tækifæri að kynnast öðrum sem annaðhvort upplifa sig einhverstaðar á hinsegin skalanum eða hafa bara áhuga á að fræðast. **Velkomin** er hópastarf sem var byggð í kringum ÍSAT nemendur til að hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi með það markmið að kynna þeim fyrir félagsmiðstöðvum, íþróttagreinum og fleira sem er hluti af íslenskri unglingamenningu. Sértækt hópastarf innan skólans hefur verið í samstarfi við kennara og stjórnendur, þau koma með tillögur af hópum sem við vinnum með á skólatíma.

Í Félkó miðstöðinni er aðstaða sem hver og ein félagsmiðstöð hefur ekki endilega innanhús og er hægt að nýta í ýmis hópastörf. Það er til dæmis Rafípróttaver og föndurherbergi með verfærum eins og saumavél, þrívíddarprentara og cricut vél ásamt ýmsu öðru. Eins og er er Félkó miðstöðin staðsett í Höfuðborginni sem er dagstarf nú þegar. Annars væri hægt að nýta þá aðstöðu á skólatíma þegar unnið er með sértæka hópa, hópa sem að til dæmis hafa ekki góða tengingu við skólann og gæti reynst árangursríkt að fara með úr húsnaðinu.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar eru af ýmsum toga t.d. Skemmtigarðurinn, frísbíggj, skartgripagerð, brönsgerð o.fl.

Opnanir eru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Dagopnanir eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-16:00. Þegar sumarstarfið hófst fyrir nokkrum árum var meiri áhersla lögð á opið starf og að vera með opið í hádegishléum og fleira. Við fundum það síðasta sumar, með stækkandi sértæka hópastarfi er ekki hægt að hafa áherslur allstaðar. Það var því ekkert úr opnu starfi á daginn þar sem við vorum í prógrammi með sértæka hópastarfinu. Við munum halda áfram næsta sumar að setja fulla áherslu á sértæka hópastarfið framfar en annað. Við erum komin með frekar gott prógram sem stuðlar að aukinni félagslegri virkni og því hefur áherslan síðustu ár verið á hóp sem skortir það. Í Vatnsendaskóla eru einnig hópar í áhættuhegðun en við eigum hinsvegar ekkert prógram fyrir það og því þurfum við að nota veturinn í að skoða hvaða hópar þurfa mest á sumarstarfni að halda og hvort við þurfum að semja nýtt prógram fyrir nýjan hóp.

Eftir að tímabilið í Dimmu klárast tekur við Félkó Flakkandi í 3 vikur. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Unnið er í góðu samstarfi við foreldra, velferðarsvið, lögreglu og aðra sem koma að málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu.

Unglingaráð

Ýmis ráð standa krökkunum til boða til að bjóða sig fram í og nýta sína rödd.

Nemendaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 16 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval. Á fyrsta fundi var kannaður áhugi í ungmennaráð, Félkó ráði og hverjir hefðu áhuga á að fara á landsmót Samfés.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins. Nemendaráðið hefur einnig fengið hlutverk að sjá um miðasölu fyrir viðburði og halda uppi samfélagsmiðlum undir nafni nemendafélagsins.

Félkóraráð

Félkó ráðið er ráð sem stendur af tveimur unglingum úr hverri félagsmiðstöð þvert yfir Kópavog. Félkóraráðið sér um að skipuleggja böll og aðra félkó viðburði. Hlutverk þeirra er í raun að vera rödd unglinga í sameiginlegum viðburðum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kys svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu

annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja vibðurði á vegum Samfés.

Samstarf við foreldra

Við leggjum mikla áherslu á samstarf við foreldra. Við erum með kynningu á súpufundum fyrir foreldra í 8. bekk og 5. bekk. Auk þess hefur forstöðumanni verið boðið að sitja fundi með bekkjarfulltrúum til að reyna finna leiðir til að vinna saman að ýmsum viðburðum. Við lögðum áherslu á miðstigsstarfið sérstaklega þar sem opnunartími og mönnun heftir okkur þegar kemur að miðstigsstigsstarfi.

Verkefni og áherslur í starfi tengdar Menntastefnu

Kópavogsbæjar

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundaþjónustu.

Verkferlar

Verkferlalisti var settur saman til að auðvelda aðgengi starfsfólks að ýmsum verkferlum. Verkferlarnir voru prentaðir út og eru aðgengilegir öllu starfsfólki. Einnig voru þeir kynntir á starfsmannafundi.

Skjalið inniheldur

- Undirbúningur viðburðar
- Framkvæmd viðburðar
- Ferðir – stuttar og langar
- Útivistir
- Atvikaskráning

- Einstaklingssamtal
- Samskipti við foreldra
- Minniháttar hegðunarfrávik
- Alvarleg hegðunarfrávik
- Smávægilegir áverkar
- Alvarleg slys
- Tilkynning til barnaverndar

Einnig eru til verkferlar þegar kemur að móttöku nýrra starfsmanna, handbók um starfið, handbók vettvangsstarf og gátlisti fyrir sértækt hópastarf.

Ytra mat

Þjónustukönnun félagsmiðstöðva var sett af stað í vor. Bæði var mældur árangur á líðan í sértæku hópastarfi og einnig almenn þjónustukönnun fyrir unglinga og svo foreldra unglinga í 8.-10. bekk.

Niðurstöður

120 niðurstöður bárust frá krökkunum, en 200 eru skráð í unglingadeild. Það helsta sem kom fram þegar spurt var afhverju þau mæta ekki í félagsmiðstöðina svöruðu 22 og voru algengustu svörin vegna æfinga, hafa ekki tíma eða finnast starfið ekki nógu spennandi. Þegar spurt var afhverju þau mæta svöruðu 94 og voru svörin helst til að hitta vini, eða þeim finnst það skemmtilegt. Spurt var um þætti innan félagsmiðstöðvarinnar og hversu sátt/ósátt þau voru, þættirnir voru: Starfsfólk í félagsmiðstöðinni, félagsmiðstöðin í heild, tæki og búnaður og dagskrá. Hæst skoraði starfsfólkið með 4,53 og lægst skoraði dagskrá félagsmiðstöðvarinnar með 3,92. Þegar spurt var um hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í félagsmiðstöðinni var þar frír matur og hitta vini sem skoruðu hæst. Langflestir eða 94% telja félagsmiðstöðina vera mikilvæga þjónustu og þegar spurt var út í ástæður voru flest svörin á þá leið að félagsmiðstöðin er mikilvæg til að hitta fólk og gera eitthvað gaman saman. Bæði tóku þau fram að hitta vini sína en einnig nefndu margir að félagsmiðstöðin væri góður staður til að hitta nýtt fólk.

Í foreldrakönnuninni kom aðeins minna fram, eitthvað var talað um aðgengi að upplýsingum og skort af opnunartímum og fá meira rými.

Tækifæri til umbóta

Nú þegar eru hafnar umræður um hvernig við getum haft fjölbreyttari opnunartíma.

Opnunartími okkar skerðir starfið að því leiti að samkvæmt skoðunarkönnunum eru margir að lenda í því að æfingar eru að skarast á við opnunartíma okkar og þau ná ekki að mæta.

Dagskrá er gerð af nemendaráði og við fáum einnig hugmyndir frá öðrum krökkum, best sóttu opnanirnar okkar eru yfirleitt þegar það er einhverskonar matur í boði svo við munum halda því áfram í vetur.

Aðgengi að upplýsingum mætti vera betra. Við sendum út mánaðardagskrá í pósti, hengjum upp, setjum á instagram og setjum hana í hnapp sem krakkarnir hafa í ípadnum sínum. Ef að við þurfum að koma upplýsingum út með tiltölulega stuttum fyrirvara þá hefur instagram hentað okkur best. Það eru þó einhverjir krakkar sem eru ekki með instagram að beiðni foreldra og það setur okkur í erfiða stöðu. Við viljum ekki hvetja til samfélagsmiðlanotkunar ef það er ekki vilji foreldra. Erum enn að bíða eftir niðurstöðu með Sportabler sem að gæti hjálpað með þetta vandamál.

Innra mat

Á síðasta ári var sett mikil áhersla á að spyrna á móti neikvæðri breytingu á unglíngamenningu. Eitthvað var að bera á hatursorðræðu í garð hinsegin samfélagsins. Við fórum í það að kaupa fullt af fánum og lyklabönd fyrir starfsfólk að bera. Hatursorðæða hefur minnkað innanhús hjá okkur en við vitum samt að hún er ennþá til staðar í þeirra menningu. En þau vita að því að það er ekki boði að tala svona hjá okkur. Við höfum líka náð samræðum við krakka sem hafa spurt út í fánana og eru áhugasamir um hinsegin málefni.

Lögð var mikil áhersla á sértækt hópastarf í fyrra. Við fórum aðeins of grimmt af stað í þá vinnu og tókum að okkur full mörg verkefni í því málefni ásamt að kenna of marga valáfanga. Í ár ætlum við að minnka þá vinnu og reyna finna gott jafnvægi á því hversu miklu við getum sinnt án þess að það komi niður á því starfi eða öðrum verkefnum sem við sinnum.

Umbótaáætlun starfsstöðvar

Eins og kom fram hér að ofan ætlum við að minnka verkefni fyrir skólann og sértækt hópastarf. Hafa færri verkefni í einu og komast á meiri dýpt. Einnig erum við að reyna að betrubæta upplýsingagjöf og auka samstarf með foreldrum.

Símenntun

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inn í félagsmiðstöðvastarfið. Einnig eru starfsmannafundir reglulega og ígrundun eftir hverja kvöldopnun. Velkominn til starfa er viðburður þar sem haustið er kynnt fyrir starfsfólki. Breyting hefur orðið á þessum viðburði þar sem starfsfólk upplifði að fræðslur með utanaðkomandi fræðara væri ekki að skila hámarksárangri. Fyrirkomulagið núna er á þann hátt að glænýir starfsmenn sitja almenna fræðslu um félagsmiðstöðvastarf og eldri starfsmenn sitja fræðslur sem er í búningi umræðuhóps um ákveðin málefni. Forstöðumenn sitja yfir þessum hópum.

Forstöðumönnum og næstráðanda býðst einnig að fara á starfsdaga Samfés og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Einnig munu félagsmiðstöðvarnar standa fyrir fræðslu í sínu starfi sem snýr að ákveðnu málefni hvern mánuð.

Símenntuntunaráætlun 2024-2025

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Þeba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfærakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfærakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Starfsáætlun 2024-2025

Fjöldatölur

Ágúst 2023– 57

September 2023 – 1972

Október 2023 – 1771

Nóvember 2023 – 1264

Desember 2023 – 1076

Janúar 2024– 1003

Febrúar 2024 – 1299

Mars 2024 – 1065

Apríl 2024 – 1116

Maí 2024 – 855

Júní 2024 – 336

Júlí 2024 – 76 (Flakkandi ekki tekið með)

Starfsmenn Dimmu

Sunna Rut Garðarsdóttir – Forstöðumaður

Víkingur Angantýsson - Frístundaleiðbeinandi

Hrefna Lára Sighvatsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Hólmar Birgisson – Frístundaleiðbeinandi

Aron Ingi Laxdal – Frístundaleiðbeinandi

Edda Laufey Bjarnadóttir - Frístundaleiðbeinandi